



Áramót Skotfélags Reykjavíkur í riffilskotfimi verður haldið á skotsvæði félagsins Álfsnesi á gamlársganginn 31. Desember. Mæting er kl 10:00 og verður byrjað strax og birta leyfir.

Keppt verður í 2 flokkum, með rest og afturpoka annars vegar og af tvífæti og án afturstuðnings hins vegar. Þáttaka er öllum frjálss en hlaupabremsur eru bannaðar.

Skotið verður á scoreskífur 5 skot á 100 metrum 5 skot á 200 metrum og 5 skot á 300 metrum ef tími gefst til. Mótsnefnd áskilur sér hins vegar rétt til breytinga ef fjöldi þáttakenda er meiri en svo að tími vinnist til eða vegna veðurs .

Farið verður nánar yfir reglurnar á staðnum.

Þáttökugjald er kr 1000 fyrir félagsmenn SR. en kr 2000 fyrir aðra. Þeir sem vilja taka þátt þurfa að skrá sig hjá SR: [sr@sr.is](mailto:sr@sr.is) Í síðasta lagi sunnudaginn 29.Desember.

Ríffíllnefnd Skotfélags Reykjavíkur.